

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 312/2019

2020/EES/14/40

frá 13. desember 2019

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1345 frá 2. ágúst 2019 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB að því er varðar uppfærslu samhæfðra tækniskilyrða um notkun fjarskiptatíðnirófsins fyrir skammdrægan búnað ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5cz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 D 1345**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1345 frá 2. ágúst 2019 (Stjttíð. ESB L 212, 13.8.2019, bls. 53).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1345, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 212, 13.8.2019, bls. 53.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.